



## Frístundastyrkir barna í Vopnafirði

Vopnafjarðarhreppur styrkir frístundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára með framlagi að upphæð kr. 20.000 á ári. Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni á Vopnafirði til að taka þátt í frístundastarfi.

Hægt er að nýta frístundastyrk í:

- Skipulagt frístundastarf í Vopnafirði og þátttöku í hverskonar barna- og unglingastarfi á vegum viðurkenndra félagasamtaka.
- Nám í tónlistarskóla sem er samfelt í 10 vikur
- Heimilt er að nýta styrkinn hjá félögum og samtökum sem starfa utan Vopnafjarðar ef sambærileg frístundaiðkun er ekki í boði innan sveitarfélagsins

Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttta-, lista- og tómstundastarfsemi.

Skilyrði fyrir greiðslu styrks.

Að styrkþegi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og sé á aldrinum 6-18 ára, miðað við fæðingarár.

Að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af viðurkenndum aðila sem lagt hefur fram upplýsingar um starfsemi sína til verkefnistjóra frístunda og æskulýðsmála. Sem dæmi um slíkt má nefna: tónlistarnám, íþrótttaæfingar, leiklist, söngnám, leikjanámskeið, skólagarðar, sundnámskeið o.m.fl.

Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum, þó ekki hærri en 20.000 kr.

Útborgun styrkja

Úthlutun frístundastyrkja fer fram í gegnum sveitarfélagið. Foreldri/forráðamaður greiðir þátttökugjöld í nafni barns síns til æfingafélags og framvísar frumriti kvittunar með nafni iðkanda ásamt undirrituðu umsóknareyðublaði til skrifstofu Vopnafjarðarhrepps.

*Tekur gildi frá og með 1. janúar 2022.*

*Samþykkt í sveitarstjórn 14. desember 2021*